Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 11


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 2/12 '08

By. 8

Jeg leyfi mjer hjermeð að leita samþykkis háttvirtrar byggingarnefndar til að gjöra skrifstofur á efra lopti í húsinu No. 2 við Pósthússtræti. Jafnframt þarf jeg að færa til stigann upp á loptið og setja nýjan glugga á suðurhlið hússins, svo og færa til og stækka glugga á norðurhlið þess. Ennfremur ætla jeg að láta gjöra nýjan reykháf 9×9" í stað þess reykháfs, sem nú er í húsinu.

Reykjavík 2. desember 1908.

Virðingarfyllst

C. Zimsen

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk 212

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af
## fundi byggingarnefndar Reykjavíkur
## 2. des. 1908

Ár 1908, miðvikudaginn hinn 2. desbr. átti byggingarnefndin fund með sjer og gjörðist þá þetta:

1. Þórði Bjarnasyni verzlunarstjóra leyft að breyta í íbúð og hækka skúr vestur úr íbúðarhúsi hans við Bergstaðastræti 2, og verður útbyggingin 9 x $6\frac{3}{4}$ aln. allt samkvæmt framlögðum uppdrætti.
2. Sveini Jónssyni frá Vatnsenda leyft að byggja íbúðarhús 11 x 11 með skúr áföstum við það 3 x $2\frac{1}{2}$ al. og með geymsluhúsi 8 x 6 al. og skúr við það 5 x $4\frac{1}{2}$ al. og salerni 2 x $1\frac{1}{2}$ al., á lóð norðanfram með fyrirhugaðri götu austur úr Rauðarárstíg, en leyfið er bundið því skilyrði að gjörður verði af byggjanda akfær vegur að hússtæðinu áður en byrjað er á húsbyggingunni.–
3. Upplýst að hús það, er Páli Guðmundssyni var á síðasta fundi leyft að byggja við Njálsgötu 14, er 10 x 11 aln. að stærð en ekki 10 x 10 álnir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. C. Zimsen leyfðar ýmsar breytingar á húsinu nr. 2 við Pósthússtræti, þó með því skilyrði að hin nýja skrifstofa fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar um íbúðarherbergi.–

5. Guðmundi Jónssyni leyft að gjöra skúr við hús hans Kárastíg 6, 5 x 11 áln.–

6. Byggingarnefndin mælir með því, að Guðmundi Guðmundssyni Laugavegi innan Rauðará, verði seld 125 □ álna lóð sem viðbót við baklóð hjá húsinu nr. 34 við Grettisgötu fyrir 50 aura □ alin.–

7. Byggingarfulltrúa afhent til rannsókna erindi Karls Einarssonar f. h. Ólafs Jónssonar um skipti og kaup á lóðum við Óðinsgötu og Kárastíg.–

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema Knud Zimsen, Sveinn Jónsson og Rögnvaldur Ólafsson.–

Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson
Jón Jensson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 30. október 1908

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinn háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur mætti þóknast að selja mjer 125 ferh. álnir, sem viðbót við bakklóð hjá húsinu nr. 34 við Grettisgötu hjer í bænum.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson

Laugarnes innan Reykjavíkur

40a. alin

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

B. Rvk. 210/1908 Br. VIII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi jeg mjer
að biðja hina heiðruðu
byggingarnefnd Reykja
víkur kaupstaðar svo vel gjöra
og leyfa mjer að hafa skúr
á lóð minni á Steind og sjerst
Eftir því sem uppdrættir
sínir

virðingarfyllst

Reykjavík 1/12 1908
Guðmundur Jensson

kanarleg a

B. Pjetursson 2/1 1908 13. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leyt við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar, að henni mætti þóknast að veita leyfi til að byggja álmu útfrá húsinu No. 2 við Bergstaðastræti, eptir uppdrætti þeim er beðið þessari fylgir, og jafnframt veita undanþágu frá því að hækka þurfi steinvegg þann er nú er við gamla skúrinn á lóðartakmörkunum.

Reykjavík 12. November 1908.

Virðingarfyllst.

Halldór Bjarnason

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar

B. Rvk. 213/1908 By. VIII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að senda hinni heiðruðu bygginganefnd uppdrátt til samþykktar, af húsi er jeg hefi í hyggju að reisa við götu þá sem er fyrirhuguð frá Rauðarárstíg austur yfir Rauðarárholti. Enn sem komið er hefi jeg ekki fengið afsal fyrir lóðinni er húsið skal á standa, en neðanrituð yfirlýsing frá núverandi eiganda lóðarinnar gefur til kynna að mjer er heimilt að byggja á nefndri lóð.

Reykjavík 20 november 1908
Sveinn Jónsson

Til bygginganefndarinnar í Reykjavík

Að Herra Sveinn Jónsson bóndi á Vatnsenda hafi fullt leyfi frá mjer að byggja á lóð þeirri er jeg á, liggjandi við hina fyrirhuguðu götu, er leggja á frá Rauðarárstíg upp Rauðarárholt, — viðurkennist hjer með.

Rvík 20 november 1908
Jóhannes Lárusson

B. Rvk. 214 1908 VIII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur